

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar)

150. löggjafarþing - þingskjal 1216 - 708. mál.

Vantrú leggur til að þetta frumvarp verði ekki samþykkt þar sem þetta frumvarp:

1. Er skref afturábak í aðskilnaði ríkis og kirkju

Samþykkt frumvarpsins felur í sér samþykki á nýlegum viðbótarsamningi ríkis og kirkju. Með þessu er verið að festa í samningi til 15 ára 700 milljóna framlag ríkisins í tvo sjóði sem hingað til hefur verið ákveðið einhliða af ríkinu.

Aðskilnaður ríkis og kirkju felur í sér að slíta á fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju og að fella út fjárhagsleg forréttindi Þjóðkirkjunnar.

Í dag eru þessi fjárútgjöld sem um ræðir ákveðin af ríkinu með lögum. Því er hægt að slíta á þessi tengsl einhliða af ríkinu. Þetta frumvarp felur í sér að þetta samband og þessi fjárhagslegu forréttindi verði fest í samningi við hinn aðilann.

Þetta þýðir að erfiðara verður að slíta á tengsl ríkis og kirkju, og erfiðara verður að afnema þessi fjárhagslegu forréttindi Þjóðkirkjunnar.

2. Eykur útgjöld ríkisins í stað þess að lækka þau

Í núverandi lögum lækkar framlag ríkisins í sjóðina tvo í samræmi við fækkun meðlima Þjóðkirkjunnar sem eru 16 ára og eldri. Síðastliðin 10 ár hefur þeim fækkað um 1.000 á ári.

Ef sú þróun heldur áfram (og ekkert bendir til þess að svo verði ekki) þá mun það þýða aukin útgjöld upp á 400 milljónir yfir samningstímann.

Í staðin fyrir að samþykkja frumvarpið og hækka útgjöldin, væri nær að afnema einfaldlega þessar greiðslur og spara ríkissjóði 10 milljarða yfir samningstímann.

3. Hagsmunir skattgreiðenda ekki að leiðarljósi

Þegar ríkið gerir samninga upp á 10 milljarða ætti að liggja fyrir hvað ríkið fær fyrir aurinn. Það er engan veginn ljóst að ríkið fái neitt fyrir þessa 10 milljarða. Það er því engan veginn hægt að sjá hvernig þetta frumvarp fer saman við ábyrgða meðferð fjármuna ríkissjóðs. Frekar virðast hagsmunir Þjóðkirkjunnar ráða för.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar